

Veiðimálastofnunin, Útibú Borgarnesi
Þórir Dan Jónsson. Ágúst 1980

Umsögn um framkvæmdir Vegagerðarinnar í Þverá 1980.

Að beiðni Ásgeirs Magnússonar sýslufulltrúa í Borgarnesi, kannaði undirritaður þann 26. og 27. ágúst 1980 þær framkvæmdir í Þverá (nánar tiltekið fyrir neðan Lundahyl) sem hafa verið unnar af Vegagerð ríkisins í sumar, bæði hvað varðar brúargerð og malartöku úr ánni. Þann 26. ágúst naut ég leiðsagnar Bjarna Jóhansen umdæmistæknifræðings Vegagerðarinnar í Borgarnesi, og Jóns Birgis Jónssonar yfirverkfræðings tæknideildar hjá Vegagerðinni í Reykjavík. Eins var rætt við Sigurð Guðmundsson bónda á Lundum. Þann 27. ágúst var svo rætt við Jón Þór Jónasson í Hjarðarholti, formann Veiðifélags Þverár. Skoðuðum við aðstæður og ræddum við Þorstein Jónsson, bónda á Kaðalstöðum. Þann 31. ágúst var svo rætt við Axel Ólafsson og Kristján Axelsson á Bakkakoti.

Verður hér í stuttu málirakin forsaga málsins og álit gert vegna þessarra framkvæmda.

Skammt fyrir neðan Lundahyl er eyri sem áin hefur hlaðið upp. Við eyri þessa kvíslast áin í tvær kvíslar, vesturkvísl og austurkvísl. Árið 1972 tók Vegagerðin efni efst úr þessari eyri. Siðan hefur áin hlaðið aftur í eyri þessa. Í vor var svo komið að framburður árinnar hafði valdið því að eyrin stækkaði æ meir til austurs og rann nú mikið vatn í vesturkvíslinni, en lítið í austurkvíslinni.

Í sumar hefur Vegagerðin tekið möl efst úr umræddri eyri (samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar var búið að taka 23.764 m³. af möl þann 26/8 1980 úr eyrinni) og hefur austurkvíslin jafnframt verið dýpkuð niður að móhellu sem er í botninum. Dýpst mun vera á móhelluna austan megin í ánni en grynnst vestan megin.

Jafnframta malartökunni hefur Vegagerðin unnið að gerð nýrrar brúar rétt fyrir neðan gömlu brúna sem liggur yfir Lundahyl. Þegar framkvæmdum Vegagerðarinnar í Þverá er lokið, má ætla að Lundahylur lengist eilítio niður á við. Jafnframta mun áin sennilega hlaða möl neðar en hún gerir nú, vegna nýju brúarstöplanna sem í byggingu eru. Vegna efnistöku úr eyrinni mun austurkvíslin renna nokkuð vestar en hún gerir nú, en óhægt er að spá nokkru um það hvort hún síðar myndi færa sig austar aftur er tímar liðu.

Vegna móhellubotnsins í vesturkvíslinni, verður hún vart dýpri í brað og er óliklegt að mikið vatn komi til með að renna í vesturkvíslinni. Jafnvel gæti svo farið að vesturkvíslin þornaði alveg upp. Þetta verður

þó tíminn að leiða í ljós, því allerfitt er að geta sér til um straumkastið í gegnum nýju brúna. Vegna hagsmuna landareigenda þykir mér rétt að Vegagerðinni verði gert skylt að halda báðum kvíslunum opnum eftir því sem þurfa þykir, enda mun munnlegt samkomulag milli Vegagerðarinnar og landareigenda hafa verið gert þarum óður en malartakan hófst.

Vistfræðilega séð hefur malartakan lítil áhrif á lífriki árinnar. Uppeldisskilyrði laxaseiða eru léleg á þessu svæði, og Vegagerðin hefur hefur gætt þess að grugga ekki áná.



Þórir Dan Jónsson